

orð í belg

# Er nokkru ábótavant í fegrun Akureyrar?

Peir sem eiga gamlar og góðar endurminningar frá Akureyri, en hafa komið þangað síðar sem gestir og fylgst með þeim breytingum, sem þar hafa átt sér stað á undanförunum áratugum, gleðjast að sjálfsgöðu yfir öllu sem til framfara má telja, en þó ekki síst því sem augað gleður. Má nefna Lystigardinn uppi á Brekkunni, er skarar fram úr öllum hliðstæðum héraðs, skógræktina sem alls staðar blasir við, og hina mörgu og fögru heimilisgarða.

Samt sem áður gæti þó svo borðið við, að einhverjum þætti eitt-hvað mega betur fara, ekki síður heimamönnum en gestum. Ég vil leyfa mér að benda á það, sem mér finnst stinga í stúf við allt hið ánægjulega, en það er svæðið frá flugvöllinum í átt til bæjarins. Þarna hefur fyrir nokkru verið lagður ágætur vegur meðfram

Sæmundur Stefánsson skrifar



árfarveginum og sjónum á aðra hönd og um leið mynduð stór tjörn á hina. Umhverfið virðist hins vegar ekki hafa mætt neinni hirðu né tilraun gerð til fegrunar. Þetta stingur ónotalega í stúf við umhverfi Brekkunnar fyrir ofan.

Sums staðar þar sem ég hef farið erlendis, og séð hliðstæðar að-

stæður og þarna er um að ræða, t.d. tjörnina (eða öllu heldur vatnið) við Hyde Park í London, þar blasir að nokkru leyti við hvað hægt væri að gera við tjarnarstæðið og umhverfi þess á Akureyri. Þar mætti prýða ósegjanlega mikið með fagurræktuðum eyjum, þar sem fuglalífð kæmi alveg sjálfkrafa, og mér er sagt að silungur gangi í vatnið um leiðslur undir veginum. Annars staðar þarf að flytja slíkt lífríki að, og síðan halda því við með ærnum kostnaði. Aðstaðan þarna er því næstum einstæð hvað þetta snertir. Annars kæmi að sjálfsgöðu í hlut sérfróðra manna að hanna allt svæðið.

Ef til vill er þetta aðeins óskhyggja manns, sem dvaldi ungur um skeið á Akureyri, en sé enn fyrir sér sólskrýddar Súlnar.

Sæmundur Stefánsson.

## Konan í list Ásmundar Sveinssonar

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem ber yfirskriftina *Konan í list Ásmundar Sveinssonar*. Er sýningunni skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum sölum safnsins: Kona og karl; kona og barn; kona við vinnu og kona sem tákn. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mest allan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum. Í tengslum við sýninguna hefur Ásmundarsafni gefið út ný litprentuð kort þar sem gefur að líta konur í myndverkum Ásmundar Sveinssonar.

Ásmundarsafni er opið þriðjudag, fimmtudag, laugardag og sunnudag frá kl. 14–17.

Ásmundarsafni hefur nýverið gefið út litskyggnubók um list Ásmundar Sveinssonar. Er hér um að ræða 36 litskyggnur af höggmyndum eftir listamanninn ásamt bók sem hefur að geyma yfirlit yfir listferil Ásmundar og ítarlega skýringartexta við hvert verk. Ljósmyndirnar tók Kristinn Helgason en Gunnar B. Kvaran listfræðingur valdi myndirnar og ritaði textann. Litskyggnubókin er til sölu í Ásmundarsafni og kostar 1200 kr.

Stjórn Ásmundarsafns hefur látið steypa í brons 5 tölusett ein-tök af verkinu *Tónagyðjan* (H: 43 sm) eftir Ásmund Sveinsson frá árinu 1926.

Myndirnar eru til sýnis og sölu í Ásmundarsafni við Sigtún.



## Hönnuð auglýsing selur meira

Hendið ekki háum fjárupphæðum í birtingarkostnað án þess að hugsa málið. Látið gera fast verðtilboð í hönnun hjá Delfi

# delfi

DELFI AUGLÝSINGASTOFA · GEISLAGATA 5  
SÍMI 25845 OG HEIMA Í SÍMA 24849



## Umboðsmenn Dags

Sauðárkrókur:	Sísi Steindórsdóttir, Furuhlíð 1, sími 5828.
Siglu fjörður:	Matthías Jóhannsson, Aðalgötu 5, sími 71489.
Blönduós:	Snorri Bjarnason, Urðarbraut 20, sími 4581.
Ólafsfjörður:	Helga Jónsdóttir, Hrannarbyggð 8, sími 62308.
Hrísey:	Halla Jóhannsdóttir, Norðurvegi 9, sími 61728.
Dalvík:	Gerður Jónsdóttir, Miðtúni, sími 61247.
Grenivík:	Anna Rósa Pálmarsdóttir, sími 33112.
Húsvík:	Ingibjörg Magnúsdóttir, Sólbakka 5, sími 41529.
Mývatnssveit:	Purður Snæbjörnsdóttir, sími 44173.
Kópasker:	Anna Pála Kristjánsdóttir, Boðagerði 10, sími 52128.
Raufarhöfn:	Friðmundur H. Guðmundsson, sími 51225.

## Húsvíkingar – Þingeyingar

Dagur hefur fastráðið starfsmann á Húsvík. Það er Ingibjörg Magnúsdóttir, sem auk blaðamannsstarfa mun sjá um dreifingu og auglýsingamóttöku fyrir blaðið.

Við hvetjum lesendur blaðsins til að hafa samband við Ingibjörgu varðandi ábendingar um fréttir og efnisval.

Einnig bendum við lesendum á, að Ingibjörg tekur á móti smáauglýsingum og tilkynningum í dagbók, t.d. varðandi stórafmæli og dánarfregnir (mynd má fylgja) svo eithvað sé nefnt. Sú þjónusta er lesendum að kostnaðarlausu.

Ingibjörg hefur aðsetur í Garðarsbraut 5, II hæð, sími 41225. Fastur skrifstofutími kl. 9–11, en er auk þess við á skrifstofunni á öðrum tímum.

Heima: Sólbrekka 5, sími 41529.

# DAGUR